



## ÍAV með vottað gæðakerfi



**Í**AV hefur náð þeim merka áfanga að vera fyrst íslenskra verktakafyrirtækja í alhliða verktakastarfsemi til að hljóta vottun samkvæmt ISO 9001:2008

staðlinum. Vottunin nær yfir alla starfsemi fyrirtækisins þar með talið þróunar-, hönnunar- og verkefnastýringu í bygginga- og mannvirkjagerð. Hér er átt

við allar gerðir húsbýgginga, lagningu vega, hafnargerð, jarðgangnagerð, byggingu virkjana o.fl.

Frh. á bls. 4

## „Einn Kjörís á dag kemur skapinu í lag“



Haldið var upp á 40 ára afmæli Kjörís á dögnum. Börn Hafsteins Valdimarssonar, stofnanda Kjörís búa öll í Hveragerði, Valdimar framkvæmdastjóri Kjörís, Aldís bæjarstjóri, Sigurbjörg grunnskólakennari og Guðrún markaðsstjóri Kjörís. Sjá nánar á bls. 5



## Íslendingur hlaut silfur í gullsmíði

Júlía Þrastardóttir hlaut á dögnum silfurverðlaun í samkeppni Norðurlandabjórða í gullsmíði. FÍG og SI óska

Frh. á bls. 9

bls. 2



Við verðum að vaxa

bls. 3



Vörugjald á matvælum

bls. 7



Sögubækur og sement

bls. 8



Samstarf Teknis og Leifs Breiðfjörð



# Við verðum að vaxa

**S**enn er ár liðið frá því að brotflending íslensks efnahagslífs var staðfest í frægu ávarpi forsætisráðherra sem lauk með orðunum: Guð blessi Ísland. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar, vandi þjóðarinnar orðið ljósari og um leið stærri og djúpstæðari en flesta gat óráð fyrir á haustdögum síðasta árs. Enn er erfitt að átta sig til fulls á tjóninu í samfélaginu og hvernig best er að standa að því að greiða úr skuldavanda stórs hluta almennings og fyrirtækja þegar loks sér fyrir endann á því að fjármálastofnanir landsins geta tekið til starfa með nýju fjármagni og nýjum eigendum.

## Skýr sýn

Til þess að íslenskt efnahags- og atvinnulíf fái risið á fætur að nýju þarf skýra sýn á nokkur grundvallaratriði og sameinast um að ná þeim fram. Sumt þarf að gerast strax, annað tekur lengri tíma en er samt samtvinnuð og þarf að vinna jöfnum höndum. Allt sem gert er á að hafa það að markmiði að skjóta styrkum stöðum undir velferð og farsæld til langrar framtíðar. Forsenda þess er öflugt atvinnulíf sem býr við stöðug og samkeppnishæf starfsskilyrði.

## Burðarásar vaxtarins

Leiðarljósið verður að vera að auka getuna til þess að framleiða og selja vörur og þjónustu sem mest til útlanda eða útlendinga hér á landi. Leggja ber sérstaka áherslu á þá starfsemi sem skilar sem mestum virðisauka. Samtímis verður að skapa rúm fyrir þann mikla fjölda fólks sem nú er án atvinnu og það fólk sem mun koma út á vinnumarkaðinn á komandi árum. Þá er æskilegt að við getum sinnt eigin þörfum sem mest en þó einungis þar sem við getum keppt við aðra og þá auðvitað á sem jöfnustum grunni. Það er tömt mál að tala um að landbúnaður og sjávarútvegur gegni lykilhlutverki í þessu samhengi. Þessar greinar munu ekki taka við fleira fólk þó vel megi vera að þar séu tækifæri til sóknar með meiri verðmætasköpun og útflutningi, sérstaklega í sjávarútvegi. Það eru því aðrar greinar á sviði iðnaðar og þjónustu sem verða að bera hitann og þungann af uppbyggingu framtíðarinnar. Þess vegna verða hagsmunir þessara greina að vera í kastljósi og algjörum forgrunni þegar starfsskilyrði atvinnulífsins eru vegin og metin. Með þessu er alls ekki verið að gera lítið út mikilvægi sjávarútvegsins, einungis bent á augljósar staðreyndir. Sjávarútvegur er og verður mikilvægur íslenskum þjóðarbúskap en þangað sækjum við ekki nauðsynlegan vöxt. Um landbúnaðinn gegnir talsvert öðru máli þar sem hann lýtur öðrum lögmálum sem einkennast af niðurgreiðslum, tollvernd og byggðasjónarmiðum.

## Samkeppnishæfni

Við verðum að leggja grunn að opnu samfélagi sem byggir á samkeppni og greiðum viðskiptum við útlönd. Til þess að svo megi verða þurfum við að treysta alla innviði samfélagsins



**Jón Steindór Valdimarsson**  
framkvæmdastjóri SI

með það að leiðarljósi að það leiði til aukinnar samkeppnishæfni, við eigum að ráðast í arðbærar framkvæmdir á sviði raforku- og samgöngumála. Við eigum sem aldrei fyrr að leggja áherslu á menntamál og þá fyrst og fremst menntun á sviði iðni-, tækni- og verkunnáttu. Við verðum að forgangsráða í menntakerfinu. Það er óhjákvæmilegt. Nýsköpun og aðstoð við fyrirtæki, gömul og ný, til þess að vinna nýja markaði á að vera í forgrunni.

## Erlendir fjárfestar

Við verðum að bjóða erlenda fjárfesta velkomna til Íslands. Það á að greiða götu þeirra og fagna öllum skynsamlegum áformum um þátttöku þeirra í íslensku viðskiptalífi. Í stað þess að finna fjárfestingunum allt til foráttu eins og oft virðist raunin á ætti að leita allra leiða til að gera þær að veruleika. Hér er alls ekki verið að leggja til neins konar undirlægjuhátt eða að hér geti menn gert hvað sem er. Oftast eru mál þannig vaxin að báðir aðilar hafa gagn og hag af. Erlendir fjárfestar koma hingað auðvitað ekki til þess að gefa okkur eitt né neitt en ekki endilega heldur til þess að hlunnfara okkur. Reynsla okkar af erlendum fjárfestum hefur hingað til verið góð. Sjálfum þykir okkur sjálfsagt að fjárfesta um víða veröld og jafnvel í greinum sem nýta orku- og sjávarauðlindir. Við lítum ekki svo á að þar fari Íslendingar í þeim tilgangi að arðræna og hlunnfara heldur eiga arðbær viðskipti. Það er ekki að ástæðulausu að stjórnvöld víðast hvar í heiminum leggja sig sérstaklega fram við að laða að erlenda fjárfesta. Bein tengsl eru á milli hagvaxtar og erlendra fjárfestingar. Henni fylgir ný þekking og tækni, sérhæfing og verkaskipting.

## Úr blindgötunni

Við verðum að sætta okkur við að íslenska krónan, með tilheyrandi gengissveiflum og vaxtaokri og nú síðast sem skiptimynt í spákaupmennsku á fjármálamörkuðum, er svo mikill skaðvaldur í efnahagslífi okkar að við það verður ekki unað. Það er ófært að hér sé búið að koma á gjaldeyrishöftum sem aftengja markaðslögmál. Það er ófært að hér séu stýrivextir 12%. Þessi leið er fullreynd. Hún hefur leitt okkur í blindgötu. Þá er að feta nýja slóð sem dugir til langframa. Hún blasir við öllum þeim sem vilja sjá.

Hver er sinnar gæfu smiður. Í því felst að brugðið getur til beggja vona eftir því hvernig haldið er á málum. Við skulum sameinast um leið vaxtar og velgengni.

# Vörugjald á matvælum



SÚKKULAÐI

**B**reytingar á viðauka með lögum um vörugjald tóku gildi 1. september. Breytingarnar fela í sér að upphæð vörugjalda tvöfaldast á þeim matvælum sem borið hafa gjaldið og nýtt gjald er tekið upp á aðrar vörur. Dæmi um þetta eru að vörugjald á súkkulaði hækkar úr 50 kr./kg í 100 kr., á sykri úr 30 kr./kg í 60 o.s.frv. Vörugjald var fellt niður af drykkjum, ís, kexi, sultum og fleiri matvælum árið 2007 en er nú tekið upp að nýju og upphæðir tvöfaldaðar. Þannig leggst nú vörugjald sem nemur 16 kr. á hvern lítra af gosdrykkjum, ávaxtasöfum og öðrum ávaxtdrykkjum, sóðavatni og ís, 80 kr./kg af kexi og smákökum og 24 kr./kg af sultum og grautum svo dæmi séu tekin. Vörugjaldið leggst á innfluttar vörur við tollafgreiðslu og á innlendar vörur við afgreiðslu frá framleiðanda. Virðisaukaskattur leggst ofan á vörugjaldið á síðasta sölustigi.

## Skref tilbaka

Þessar breytingar eru gerðar í mikilli óþökk Samtaka iðnaðarins, sem lengi hafa barist fyrir niðurfellingu vörugjalda. Það var stórt skref í rétta átt þegar vörugjöldin voru felld niður af öllum matvörum, öðrum en súkkulaði og sætindum, 1. mars 2007 en nú hefur það skref verið stigið til baka með stórauðnum álögum á þessar tilteknur vörur. Rök stjórnvalda fyrir breytingunum voru upphaflega að draga úr sykurneyslu landsmanna með sérstökum skatti á sykraðar vörur. Hins vegar kom á daginn að ekkert samræmi er í álögum og sykurinnihaldi og heilbrigðisráðherra hefur viðurkennt að sjónarmið um tekjuöflun í ríkissjóð hafi orðið ofan á. Samtökin telja að almenn hækkun virðisaukaskatts hefði verið mun sanngjarnari og áhrifa-meiri leið til að afla ríkissjóði tekna en ef

hins vegar hefði átt að draga úr sykurneyslu hefði verið einlægast að leggja skatt á sykur í tolli og sambærilegan skatt á innfluttar sykraðar vörur. Það hefði án nokkurs vafa verið einfaldara og kostnaðarminna þegar á heildina er litið.

## Margvíslegt óhagræði

Breytingarnar hafa í för með sér margvíslegt óhagræði og tilheyrandi kostnað fyrir bæði framleiðendur og hráefna-birgja. Í fyrsta lagi þarf að endurnýja vörugjaldsskírteini þeirra sem eiga rétt á að fá vörugjöld felld niður af hráefnum til framleiðslu sinnar þar sem nú eru mun fleiri hráefni en áður með vörugjaldi. Í öðru lagi þarf að breyta öllum upphæðum í bókhaldskerfum hráefna-birgja og bæta inn skipunum um að leggja vörugjöld á önnur hráefni. Flestir birgjar selja sömu hráefni ýmist til iðnfyrirtækja, sem eiga rétt á niðurfellingu, og annarra, s.s. stóreldhúsa, sem ekki eiga rétt á því, en það er mjög flókið að útfæra þannig að bókhaldskerfin geti séð um það án þess að því sé handstýrt. Það gefur auga leið að í stórum fyrirtækjum með mikinn fjölda viðskiptavina er óvinnandi vegur að ætla starfsmönnum að handstýra því hverjum er selt með vörugjaldi og hverjum ekki.

Gjalddagar og skil á vörugjaldi breytast ekki. Hvert uppgjörstímabil er, eins og áður, tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess, sbr. 9. gr. laga nr. 97/197 um vörugjald.

Mikilvægt er að framleiðendur kynni sér breytingarnar vel.

## Nýir félagsmenn

Jáverk ehf.  
Gagnheiði 28  
800 Selfoss

Ísgröfur ehf.  
Laugum  
845 Flúðum

Handpoint ehf.  
Hlíðarsmára 2,  
201 Kópavogur

TV Tækniþjónusta  
Verktakar ehf.  
Síðuseli 5  
109 Reykjavík

Snókur verktakar ehf.  
Vogatungu  
301 Akranes



## Umhverfisþing 2009

Umhverfisráðherra boðar til Umhverfisþings dagana 9. - 10. október. Þingið fer fram á Hótel Hilton Reykjavík Nordica. Sjálfbær þróun verður aðalumfjöllunarefni þingsins að þessu sinni. Kynntar verða tillögur að nýjum áherslum stjórnvalda á sviði sjálfbærrar þróunar næstu árin. Einnig verður kynnt ný skýrsla umhverfisráðherra um stöðu og þróun umhverfismála. Umhverfismál í sveitarfélögum og atvinnulífnu verða í brennidepli í málstofum á þinginu. Þátttaka er ókeypis. Dagskrá þingsins og frekari upplýsingar um þingið verða birtar á heimasíðu umhverfisráðuneytisins, þegar nær dregur. Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á heimasíðu ráðuneytisins eða í síma 545 8600 fyrir 1. október.



## Þjónusta við útvegum verkefna erlendis

**Nýsköpunarfyrirtækið Evrópubrúin ehf.** hefur hafið starfsemi, en markmið fyrirtækisins er að afla íslenskum byggingahönnuðum og verktakafyrirtækjum fjölbreyttra verkefna í löndum evrópska efnahagssvæðisins í þeirri viðleitni að sporna gegn verkefnaskorti íslenskra fyrirtækja. Fyrirtækið brúar þannig bil á milli íslenskra fyrirtækja og ábyrga verkkaupa erlendis í því augnamiði að beina innlendri og ónýttri framleiðslugetu að erlendri eftirspurn. Að auki er rík áhersla lögð á samvinnu og samstarf svo sameina megi krafta íslenskra fyrirtækja í stærri liðsheildir, sem nauðsynlegar eru í hörðu alþjóðlegu samkeppnisumhverfi.

### Leitar að verkefnum fyrir íslenska verktaka

Evrópubrúin ehf. býður fram alhliða ráðgjöf og sérfræðipækkingu við leit og val á opinberum framkvæmdum á öflugum markaðssvæðum heims, samkvæmt fyrirfram gefnum forsendum. Þjónusta Evrópubrúarinnar lýtur meðal annars að verkefnavöktun, öflugni útboðsgagna, samskiptum við erlenda verkkaupa, alhliða þýðingavinnu og gerð fyrirtækjaprófíls, sem alla jafna er krafist í öllum útboðslýsingum. Að auki veita sérfræðingar Evrópubrúarinnar ráðgjöf vegna tilboðsgerðar í erlend verk, kostnaðar- og markaðsgreiningar, aðstoð við samningsgerð við erlenda verkkaupa, aðstoð við uppsetningu vinnubúða eins og lög og reglur viðkomandi landa kveða á um auk þess að veita aðstoð í mannauðsmálum og koma á réttu tengslaneti við erlenda verkkaupann eftir að verk er í höfn.

Fyrirtækið nýtur samvinnu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og er með starfsaðstöðu á Frumkvöðlasetri NMÍ á Keldnaholti.

Frekari upplýsingar er að finna á [www.evropubruin.is](http://www.evropubruin.is).

# Veik króna styður við endurreisn

*„Ég get alveg tekið undir þá skoðun sem talsvert hefur verið til umræðu að veikleiki krónunnar hjálpi til við þær erfiðu aðstæður sem nú eru uppi í efnahagslífinu. Veik króna veldur því að við fáum mun meira fyrir útflutningsvörur okkar og samkeppnisstaða innlendra framleiðenda gagnvart innflutningi er góð“, segir Bjarni Már Gylfason hagfræðingur SI.*

Bjarni segir hins vegar að alls ekki megi túlki þessa takmörkuðu kosti krónunnar sem einhverja stuðningsyfirlýsingu. „Þvert á móti. Krónan og peninga-stefna síðustu ára á sinn þátt í hruninu sem hér varð. Um langt árabíl var gengi krónunnar falsað og því haldið alltof sterku með ógnarháum vöxtum. Það sogaði erlent fjármagn í miklu mæli til landsins, belgdi upp efnahag bankanna, ýtti undir mikinn viðskiptahalla og hvatti fólk og fyrirtæki til skuldsetningar í erlendri mynt. Sú skuldsetning er mikil ógn í dag. Mikið ójafnvægi myndaðist í þjóðarþúskaðum og það gat ekki annað en gengið til baka. Vegna þess hversu hátt boginn var spenntur og hversu lengi spennunni var haldið varð skellurinn þeim mun stærri.

## ÍAV með vottað gæðakerfi

*Framhald af forsiðu*

Það er ekki eins manns verk að byggja upp gæðakerfi heldur er það verkefni allra starfsmanna fyrirtækisins. ÍAV hafa í um 15 ár unnið samkvæmt gæðakerfi sem byggt var upp af fyrirtækinu sjálfu. Fyrir um tveimur og hálfu ári síðan tók stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækisins ákvörðun um að endurskoða gæðakerfi fyrirtækisins og aðlaga það að kröfum staðalsins ISO 9001. ÍAV gerðu samning við BSI á Íslandi (British Standard Institute) um að annast vottunina og hafa þeir stutt við bakið á fyrirtækinu meðan endurskoðun kerfisins fór fram. Forúttekt á gæðakerfinu fór fram í febrúar og vottunarúttektin í júní í. Með vottuðu gæðakerfi hafa starfsmenn ÍAV



Engan óraði þó fyrir því hruni sem varð raunin.“

Þótt veik króna hafi sína kosti við núverandi aðstæður segir Bjarni ljóst að í sögulegu samhengi sé krónan of veik. „Raungengi krónunnar hefur aldrei verið veikara. Í grundvallaratriðum eru forsendur fyrir styrkingu krónunnar en sú staðreynd að útflutningsfyrirtæki eru ekki að skipta erlendum gjaldeyri í krónur sýnir vel hversu djúpstæð vantrú er á krónunni. Til lengdar verður að stefna inn í annan gjaldmiðil. Saga krónunnar er ein raunasaga frá upphafi sem helgast af stöðugu gengisfalli og óstöðugleika. Ég get ekki með nokkru móti séð að hægt verði að byggja á krónu í framtíðinni.“



öflugt tæki til að stýra verkefnum fyrir kröfuharða viðskiptavinum.

Þann 9. september fór fram formleg afhending á skirteininu sem staðfestir vottunina. Athöfnin fór fram í nýbyggingu Tónlistar- og ráðstefnuhússins við Austurhöfn að viðstöddum starfsmönnum ÍAV sem lagt hafa sitt að mörkum til að árangurinn næðist.

## Kjörís fagnaði 40 ára afmæli sínu... framhald af forsiðu



**K**jörís fagnaði fjórtíu ára afmæli sínu með mikilli afmælishátíð í Hveragerði laugardaginn 29. ágúst. Að sögn Guðrúnar Hafsteinsdóttur, markaðsstjóra Kjöríss komu á bilinu 13-15 þúsund manns og gæddu sér á eins miklum ís og hver gat í sig látið. Mesta athygli vöktu þó ólíkindabroggðin svokölluðu en boðið var upp á túnfiskís, ORA grænar baunirís, kreppuís, Jalapenoís og margt fleira. „Vinsælastur var þó gamli góði vanillúisinn“ segir Guðrún og bætir því að víst sé að allir hafi fundið ís við hæfi þennan sólríka dag í Hveragerði.



Í tilefni afmælisins var tónleikadagskrá á sviði þar sem tónlistarfólk úr Hveragerði steig á stökk og skemmti. Há-

punkturinn var síðan þegar Kjöríssöngkonan var gerð opinber og söng í fyrsta sinn opinberlega lag Magnúsar Þórs Sigmundssonar sem hljómað hefur á árinu í afmælisauglýsingu Kjöríss. Kjöríssöngkonan er Klara úr Nylon og sló hún rækilega í gegn á afmælishátíðinni og söng sig inn í hjörtu viðstaddra með einstaklega fallegum flutningi á lagi Magnúsar. „Með þessu framtaki viljum við hjá Kjöríss þakka landsmönnum öllum áralanga tryggð við Kjörís. Við lítum björtum augum til framtíðar“ sagði Guðrún að lokum.

## Norðurlöndin glíma við samdrátt

**Erfiðleikar** blasa við í efnahagslífi allra Norðurlandanna. Þetta kom skýrt fram á árlegum formannafundi norrænu iðn- og atvinnurekendasamtakanna í Kaupmannahöfn í liðnum mánuði. Samdráttur í landsframleiðslu, minnkandi útflutningur, aukid atvinnuleysi og erfiðleikar í mannavirkjageirum er öllum löndunum sammerkt. Vissulega er ástandið mismunandi milli landa og um leið mismunandi til hvaða ráða er gripið til að örva atvinnulífið. Augljóst er að Ísland á við mestan vanda að glíma. Þar eru vextir hæstir, þar hefur gjaldmiðillinn fallið eins og steinn og atvinnuleysi vaxið gríðarlega á stuttum tíma á sama tíma og kaupmáttur hefur rýrnað mikið. Á hinum

Norðurlöndunum hafa ríkisstjórnirnar örvað atvinnulífið með auknum framkvæmdum öfugt við það sem er raunin hér á landi.

Á fundinum var einnig talsverð umræða um orku- og loftlagsmál en loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna, COP 15, verður einmitt haldin í Kaupmannahöfn í desember. Þá var rætt um hlut kvenna í forystusveit fyrirtækja og hvernig mætti stækka hann. Meðal annars var rætt um hvort norska aðferðin um að binda í lög að í stjórnnum fyrirtækja eigi kynjahlutfallið að vera a.m.k 40/60 hefði skilað tilætluðum árangri. Samkvæmt norskum gögnum hefur hvorki orðið marktæk breyting á kynja-

hlutföllum í einstökum starfsgreinum né í hópi millistjórnenda.



# Sömu áherslur

## Norrænn fundur samtaka málm- og véltæknifyrirtækja

**G**ríðarlegar niðursveiflur hafa verið á framleiðslu og sölu málm- og véltæknifyrirtækja á Norðurlöndunum síðustu misseri. Í Finnlandi varð rýrnun útflutnings 37% á síðasta ári en 60% hans er frá svonefndum tæknigreinum.

Þetta kom fram á árlegum fundi SVAPU sem eru samtök málm- og véltæknifyrirtækja á Norðurlöndunum sem haldinn var í Ilulissat á Grænlandi í lok ágúst og fulltrúar MÁLMS og Samtaka iðnaðarins sóttu. Enda þótt samdráttur að þessu leyti hafi ekki verið jafn mikill á hinum Norðurlöndunum og í Finnlandi varð hann samt umtalsverður. Fulltrúum landanna bar saman um að meginástæðan væri heimskreppan illræmda sem þjakað hefur þjóðir og fyrirtæki.



Myndin er tekin á árlegum fundi SVAPU sem haldinn var í Ilulissat á Grænlandi og fulltrúar MÁLMS og Samtaka iðnaðarins sóttu

### Jákvæð viðbrögð í Danmörku

Athygli vakti hve þjóðirnar gátu dregið saman útgjöld fljótt í takt við minnkandi eftirspurn. Ein ástæðan er sú að fyrirtækin hafa sagt upp starfsmönnum og þeir farið á atvinnuleysisbætur eða hafið endurmenntun til þess að auka möguleika sína á vinnumarkaðinum. Aðilar á vinnumarkaði í Danmörku hafa sam einast um að koma til móts við þarfir þeirra sem missa vinnuna. Það er annars vegar gert með því að tryggja afkomu starfsmanna með bótum og hins vegar með því að gefa þeim kost á uppbygglegri endurmenntun. Markmiðið er að skapa grundvöll fyrir ný og verðmæt

störf sem bæta upp þau störf sem glatast hafa. Er þá gengið út frá því að endurmenntun geti bókstaflega leitt til þess að ný störf fæðist með nýrri færni, meira frumkvæði og nýrri sýn.

Forystumenn danska málm- og véltækni iðnaðar voru sammála um að samvinna aðila vinnumarkaðarins á þessum nótum væri vænlegri til árangurs en að eyða orkunni í að lemja hver á öðrum. Vísuðu þeir þá í þann óróleika á vinnumarkaðnum í suður Evrópu þar sem meira er lagt upp úr að vera harðir og baráttuglaðir gagnvart hver öðrum. Það hafi litlu skilað öðru en minnkandi samkeppnishæfni og færri störfum þegar til lengri tíma er litið.

### Fleiri í iðn- og tækninám

Sameiginlegt áhugamál allra samtaka þessara iðngreina á Norðurlöndum er að fá fleira ungt fólk til að hefja iðnnám í málm- og véltæknigreinum strax að loknum grunnskóla. Samtök landanna leggja fram mikla fjármuni til þess að kynna námið og atvinnumöguleika í greininni í grunnskólum og hafa beitt til þess hinum fjölbreyttustu aðferðum. Smátt og smátt skynja menn að áhugi unga fólksins vaknar með meiri fræðslu og beinni kynningu og heimsóknum í iðnfyrirtæki þar sem unga fólk sér með eigin augum þau áhugaverðu störf sem þar eru unnin.

Þessi reynsla fékkst staðfest hér á landi síðasta vetur þegar grunnskólar voru heimsóttir og talað beint við nær eitt þúsund nemendur í efstu bekkjum um alla þá möguleika sem nám í málm- og véltæknigreinum skapar. Margt bendir til að þessi beina kynning í grunnskólum síðasta vetur hafi verið ein megin ástæða að mun fleiri innrituðust í þessar iðngreinar á þessu hausti.

## Fátt eykur verktökum bjartsýni

*Félagsmenn í Mannvirki félagi verktaka mættu til félagsfundar í lok ágúst. Verkefnastaða flestra fyrirtækja er afleit og fátt vitað um verkefni vetrarins. Áform eru uppi um margvíslegar framkvæmdir, bæði á vegum einkaaðila og hins opinbera en nánast ekkert í hendi. Engar ákvarðanir eru teknar.*

**Samgönguráðherra hefur ítrekað** boðað einkaframkvæmdir og aðkomu lífeyrissjóðanna að fjármögnun samgöngumannvirkja. Arnar Sigurmundsson er formaður aðgerðarhóps lífeyrissjóðanna í viðræðum við ríkið. Arnar kom til fundarins og upplýsti um stöðu viðræðna um aðkomu lífeyrissjóðanna að fjármögnun einstakra verkefna. Lítið hefur verið um fundarhöld og hefur

aðgerðarhópurinn beðið eftir verkefnum og hugmyndum.

Nefnd hafa verið einkum tvö verkefni: Samgöngumiðstöð sem áætlað er að kosti 1.300 milljónir króna en ekki hefur tekist að leysa lóðarmál fyrir bygginguna. Einnig eru á lofti hugmyndir um allra fyrstu drög að nýjum Landsspítala. Að auki hafa Vaðlaheiðagöng og Búðarhálsvirkjun verið nefnd.

Við verktökum blasir samdráttur til vegamála á þessu ári um 7.500 milljónir króna. Til viðbótar hafa sveitarfélög og stofnanir þeirra dregið stórlega úr öllum framkvæmdum. Útlitið er svart og við blasir stórfelldur samdráttur hjá flestum fyrirtækjum.

Verktakar skora á stjórnvöld að taka ákvarðanir um ný arðbær verkefni án frekari tafa.

# Sögubækur og sement

## Í tilefni umræðu um sölu á sementi

Talsverð umræða hefur verið um sölu sements á Íslandi á liðnum vikum. Þar hefur m.a. verið reynt að gera Samtök iðnaðarins tortryggileg og fullyrnt að þau vilji einokun á sementsmarkaði. Undir þessu verður ekki setið lengur.

### Veljum íslenskt

Samtök iðnaðarins og framkvæmdastjóri þeirra hafa aldrei farið fram á neinar ívilnanir til handa Sementsverksmiðjunni, hvorki ríkisaðstoð né óskað eftir þvinguðum viðskiptum við hana. Þaðan af síður hafa þau með nokkrum hætti óskað eftir einokun á þessum markaði, hvorki íslenski né danski.

Samtök iðnaðarins gangast hins vegar fúslega við því, og bera af því engan kinnroða, að þau hafa hvatt til þess að velja íslenskt. Það hefur hins vegar aldrei hvarflað að nokkrum manni þar á bæ að gera það með boðum, bönnum eða þvingunum. Íslensk framleiðsla á að verða fyrir valinu vegna eigin verðleika og frjáls vals þess sem kaupir. Allir neytendur, einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir eru hvött til þess að íhuga vel áhrif vals þeirra á vörum og þjónustu.

### Rangar fullyrðingar og ályktanir

Þó mönnum sé heitt í hamsi og þeir vilji ganga vasklega fram í að verja eigin hagsmuni er óþarft að snúa út úr orðum ímyndaðra andstæðinga, gera þeim upp skoðanir eða draga af þeim rangar ályktanir. Því miður er það raunin hjá framkvæmdastjóra Aalborg Portland. Óskandi er að hann láti af þessum málflytningi svo sögubækur framtíðarinnar verði ekki rangar að þessu leyti.

Bjarni hefur hvað eftir annað látið hafa

eftir sér í fjölmiðlum að Samtök iðnaðarins hafi lýst því opinberlega að vilja íslenska einokun á sementi. Þetta er rangt.

### Ekkert tilefni til árása á Samtök iðnaðarins

Tilefni fullyrðinga Bjarna eru trúlega viðtöl við Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóra SI í fjölmiðlum. Þar sem hann hefur m.a. bent á að ef spara þurfi gjaldeyri með því að velja íslenskt sé ekki heppilegt að kaupa danskt sement og að ef tveir kostir séu í boði, íslensk einokun eða dönsk. Þá vilji hann frekar sjá þá íslensku.

Samtök iðnaðarins og framkvæmdastjóri þeirra hafna með öllu að vera boð-



berar einokunar eða viðskiptaþvingana af nokkru tagi. Sjá nánar um málið á vefsetri SI [www.si.is](http://www.si.is).

## Ársfundur bakarasmataka á Norðurlöndum

Ársfundur bakarasmataka á Norðurlöndum var haldinn í Svíþjóð í ágúst sl. Af Íslands hálfu sátu fundinn Jóhannes Felixson, formaður LABAK og Ragnheiður Héðinsdóttir, forstöðumaður matvæla-sviðs SI. Sagt var frá starfsemi samtakanna í hverju landi fyrir sig en fyrir fundinn hafði verið óskað eftir að sérstaklega yrði fjallað um efnahagskreppuna og áhrif hennar á bökunariðnaðinn.

### Finna mest fyrir kreppunni á Íslandi

Að mörgu leyti fæst greinin við svipuð viðfangsefni í öllum löndunum en þó eru aðstæður að nokkru leyti ólíkar. Allir eiga það sammerkt að leggja áherslu á hollustu brauðmetis og hvetja til meiri neyslu á því. Það kom skýrt fram að kreppan hefur hvergi eins mikil áhrif og hér á landi og bakarar á hinum Norðurlöndunum finna ekki fyrir rýrnandi kaupmætti almennings á sama hátt og hér.

### Óveruleg áhrif í Svíþjóð

Svíar finna ekki mikið fyrir kreppunni og bera sig nokkuð vel. Gengi sænsku krónunnar hefur lækkað nokkuð sem dregur úr innflutningi á bökunarvörum frá Finnlandi en ýtir undir útflutning til Noregs. Svíar eru mjög uppteknir af umhverfismálum og hafa reiknað út að brauð hefur mun minni áhrif á umhverfið en flestar aðrar matvörur og að bakstur í

heimahúsum leggur meira á umhverfið en bakstur í bakaríum.

### Útflutningur dregst saman í Finnlandi

Finnar finna fyrir því að gengi gjaldmiðla næstu nágranna, sænsku krónunnar og rúblunnar, hefur lækkað gagnvart evru. Af þeim sökum hefur útflutningur til þessara landa dregist saman um 20%. Finnar leggja mikla áherslu á mikilvægi trefja fyrir líkamann og nýta sér það í sínu markaðsstarfi en neysla brauða úr grófu korni er mjög hefðbundin í Finnlandi. Þar er einnig lögð mikil áhersla á að draga úr salti í brauðum.

### Hveitiverð hátt í Noregi

Norðmenn kvarta mest undan háu verði á hveiti. Hveitiverð hefur ekki lækkað í Noregi þrátt fyrir lægra verð á heimsmarkaði. Ástæðan er sú að Norðmenn leggja háa tolla á innflutt hveiti til að vernda innlenda framleiðslu og norskir kornbændur hafa mjög sterka stöðu. Þá leggja hveitiframleiðendur í Noregi mun meira á kornið en gerist í nágrannalöndunum. Þeir hafa orðið uppvísir að því að skipta á milli sín markaðnum og fengið háar sektir frá samkeppnisfyrirvöldum en það virðist ekki hafa haft nokkur áhrif á verðlagninguna.

## Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
09. tbl. 15. árg. September 2009  
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 14.09.2009  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Odd Stefán  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,  
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
[www.si.is](http://www.si.is), netfang: [ritstjorn@si.is](mailto:ritstjorn@si.is)  
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson  
Ritstjóri/efnisöflun: Rákel Pálsdóttir  
Prófaralestur: Rákel Pálsdóttir  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

## Samstarf Teknís og Leifs Breiðfjörð listamanns

Listamaðurinn Leifur Breiðfjörð vinnur að miklu málm- og glerlista-verki sem verður staðsett í St. Giles dómkirkjunni í Edinborg. Málmíðnaðarfyrtækið Teknís í Garðabæ vinnur að gerð verksins með honum.

St. Giles dómkirkjan er eitt af kenningum Edinborgar og fjölsóttur ferðamannastaður. Yfir innganginum í kirkjunni trónir glerlistaverk eftir Leif til minningar um þjóðskáld Skota, Robert Burns, og hefur það fyrir löngu haslað sér völl sem eitt merkasta listaverk Skotlands. Nýja verkið sem hann vinnur nú að verður staðsett fyrir neðan glermyndina og verður hluti af innganginum í kirkjuna.

Málmhluti þessa nýja listaverks er



viðamiklið og vinnslan mjög vandasöm bæði listrænt og tæknilega séð. Málmíðnaðarfyrtækið Teknís vinnur verkið og beitir við það tölvustýrðum tæknibúnaði. Fyrtækið var eftir vandlega skoðun valið úr hópi innlendra og erlendra fyrir-

tækja til verksins enda uppfyllir það allar þær kröfur sem gerðar eru til þess að vinna svo flókið og vandasamt verkefni.

Listaverkið verður svo sent til Skotlands innan skamms og það sett upp í þessari fornfrægu kirkju.

## Öld tvinnbíla hafin

„Öld tvinnbíla er hafin“, sagði Paul Wuebben á morgunverðarfundum hjá Samtökum iðnaðarins um nýjungar í farartækjum. Paul Wuebben starfar sem yfirmaður nýrra orkugjafa hjá South Coast Air Quality Management District í Kaliforníu.

Paul hefur tekið þátt í mótun þeirrar stefnu sem framfylgt er í Kaliforníu og leikið lykilhlutverk í smíði laga og reglugerða á þessu sviði. Hann hefur komið að framkvæmd verkefna við tilraunir til að innleiða nýja orkugjafa. Paul Wuebben situr í ráðgjafaráði sprotafyrtækisins Carbon Recycling International, sem þróar aðferð til að framleiða eldsneyti úr koldíoxíði í útblæstri jarðvarmavirkjana.

### Miklir möguleikar

Á fundinum fjallaði Paul einkum um möguleika tvinnbíla og rafbíla til að taka við af hefðbundnum dísilbifreiðum. Hann fór yfir kosti þeirra og galla og stöðu tækniþróunar í dag. Fram kom að möguleikarnir eru miklir en þróun nýrrar tækni tekur tíma og það verður við að skilja. Hann telur ólíklegt að markaðshlutdeild nýrrar tækni verði meiri en 1,5% árið 2020. Enn er nokkuð í að þeim eiginleikum verði náð sem sóst er eftir hjá t.d. rafbílum. Mikill árangur hefur þó náðst á síðustu árum varðandi orkurým d rafhlaðna sem hefur margfaldast. Góðu fréttirnar eru að til að bæta tæknina þarf þróun en ekki byltingu. Ekki má horfa fram hjá því að mikil tækifæri eru enn á að ná betri nýtingu úr hefðbundnum ökutækjum, t.d. með því að nýta hemlunarorku og samhliða er hægt að auka nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa eins og metanóls og etanóls.



### Nýjar tæknilausnir

Almennt séð er mikil gerjun í þessum geira, nýjar tæknilausnir koma fram sem minnka losun gróðurhúsalofttegunda, s.s. lífeldsneyti, rafmagn, náttúrulegt gas og vetni. En Paul telur ekki ástæðu til að leita að sigurvegara, rúm sé fyrir fleiri en eina lausn á markaðnum.

Hann lagði áherslu á að sífellt auknar kröfur markaðarins eftir óhefðbundnum orkugjöfum og nú er staðan orðin þannig að bæði er ýtt og togað, þ.e. markaðurinn kallar eftir nýjum lausnum og opinberir aðilar ýta við þróuninni. Að hans mati má gera ráð fyrir mikilli hækkun á jarðefnaeldsneyti á næstu einum til tveimur áratugum.

Nú er gjarnan horft til þess hve umhverfisvænar tækninýjungar eru og telur Paul að svokallað kolefnisspor (e. carbon footprint) eldsneytis verði lykilstærð í markaðssetningu þess í framtíðinni. Kolefnisspor mælir losun gróðurhúsalofttegunda sem framleiðsla og notkun vöru veldur.

Aðferðafræðin er nýleg og Paul benti á að það er mikilvægt að hafa víðan fókus og meta umhverfisáhrifin frá vögu til grafar. Lítið er unnið með því að minnka útblástur bifreiða ef sjálf framleiðsla eldsneytisins veldur enn meiri útblæstri.



# Sláturfélag Suðurlands hlýtur vinnustaðakennslustyrk SI



Ragnheiður Héðinsdóttir, forstöðumaður matvælasviðs SI afhendir Steinþóri Skúlasyni forstjóra SS styrkinn

**Sláturfélag Suðurlands** hlaut nýlega tæplega tveggja milljóna króna styrk frá Samtökum iðnaðarins til þess að kenna nemum kjötið á vinnustað.

Samtök iðnaðarins veita árlega 20 milljónum króna til vinnustaðakennslu í

fyrirtækjum, sérstaklega í þeim greinum sem erfitt er að fá nema eða taka við nemum í vinnustaðakennslu. Tilgangur styrksins er að lyfta undir kennslu og þjálfun á vinnustað og draga athygli að mikilvægi hennar.

Þetta haust er fjórum fyrirtækjum veittar alls fimm milljónir króna til að kenna átta iðnnemum á vinnustað. Forsendan er sú að fyrirtækin annist kennslu á vinnustað í samræmi við samþykka námskrá. Styrknum er ætlað að koma til móts við kostnað fyrirtækja af vinnustaðakennslu.

Að þessu sinni hlýtur Sláturfélag Suðurlands stærsta styrkinn, 1.950.000 kr., til að kenna þremur nemendum í kjötið. Kjötið, sem og annað iðnnám, er lög- bundið nám á framhaldsskólastigi. Vel er séð fyrir skólaþætti námsins sem fer fram í Menntaskólanum í Kópavogi, einum best búna matvælskóla á Norðurlöndum.

Auk SS hljóta þessi fyrirtæki vinnustaðakennslustyrk að þessu sinni: Össur, Norðenska og Íslenskir aðalverktakar.

## Umbætur í virðis-keðju matvæla

### - Kynningarfundur -

*Hvað er hægt að gera til að draga úr sóun við framleiðslu og dreifingu matvæla? Hverju skilar bætt meðferð og bætt upplýsingafæði milli aðila í virðis-keðjunni?*

Þessum spurningum var leitast við að svara í verkefninu „Umbætur í virðis-keðju matvæla“, sem Samtök iðnaðarins stóðu fyrir, í samstarfi við AGR, Kaupás, Matís, Norðenska, Rannsóknarsetur verslunarinnar og Sláturfélag suðurlands, með stuðningi frá Tækni-þróunarsjóði.

Opinn kynningarfundur á niðurstöðum verkefnisins verður haldinn í **Setrinu á Grand Hótel Reykjavík fimmtudaginn 24. september kl. 15.00-17.00.**

#### Dagskrá:

Kynning á niðurstöðum verkefnisins  
Frummælendur frá:

- Matís
- AGR
- Rannsóknasetri verslunarinnar

Umræður með þátttöku allra þátttakenda og fundargesta.

## Vinna í Evrópunefnd SI í fullum gangi



**Vinna við greiningu á áhrifum** aðilar að Evrópusambandinu á íslenskan iðnað er í fullum gangi. Þessa dagana er verið vinna með rýnihópum. Valdir tilteknir hópar innan SI sitja lokaða fundi með sérfræðingum hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands þar sem reynt er að greina viðhorf félagsmanna SI til Evrópumálanna. Viðhorf félagsmanna, áhyggjur þeirra og væntingar til aðilar að Evrópusambandinu verða síðan höfð til hliðsjónar við greininguna á aðildinni. Einnig er unnið að vefsvæði sem vistað verður innan vef Samtaka þar sem starfið og niðurstöður þess verður kynnt. Á næstu vikum verður svo lögð áhersla á að eiga fundi með starfsgreinahópum SI þar sem staða verkefnis verður kynnt og leitað viðbragða. Yfir verkefninu er Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, en hann tekur við af Herði Arnarsyni. Áætlað er að fyrsta áfanga verkefnisins ljúki um næstu áramót.

Á vettvangi Samtaka atvinnulífsins er einnig hafin undirbúningur en með öðrum hætti en hjá SI. Þar er lögð áhersla á þverfaglega þætti sem ekki lúta beint að hagsmunum einstakra atvinnugreina, s.s. umhverfismál, vinnumarkaðsmál, alþjóðatengsl, byggðamál og efnahags- og skattamál. Starfshóparnir eru opnir fulltrúum aðildarfélögum SA og eins þeim sem hafa sérþekkingu á viðkomandi mál-efnum sem nýtist í umfjöllun hópanna. Áhugasamir geta kynnt sér hópana á vef Samtaka atvinnulífsins [www. sa.is](http://www.sa.is).

## Íslendingur hlaut silfur í gullsmíði framhald af forsiðu

Júlíu og meistara hennar Kristni Sigurðssyni til hamingju með frábæran árangur. Auk heiðursins eru veitt peningaverðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin.

Samkeppnin Bella Nordic Jewellery Award 2009 er haldin í tengslum við árlega gull-, silfur- og úraráðstefnu í Bella Center Kaupmannahöfn. Reynir Már Ásgeirsson, formaður FÍG segir þetta í fyrsta sinn sem Íslendingar taka þátt. „Hvert Norðurlanda hefur kost á að senda inn tvo keppendur en inngönguskilyrði er að þeir hafi

útskrifast á árinu. Þeir tveir sem bestum árangri náðu á sveinsprófi voru valdir til þátttöku fyrir Íslands hönd.“ Auk Júlíu sem starfaði í Tímardjásni fór Laila Björk Sveinsdóttir sem starfaði hjá Jóni og Óskari undir handleiðslu Jóns Sigurjónssonar utan til keppinnar. Reynir er að vonum stoltur með árangur beggja keppenda og ekki skemmir fyrir að Félag íslenskra gullsmiða á 85 ára afmæli í ár. „Veglegri afmælisgjöf er vart hægt að hugsa sér.“

# NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN 2009 SÍMENNTUN Í IÐNAÐI

Þessi námskeið er náttúrulega hluti af námsáætluninni sem er á milli íslensks háskólagráðs og íslensks atvinnuleysisráðs.

Þessi námskeið er áttíðing og þess áhrifandi á [www.hau.is](http://www.hau.is)

## NÁMS- OG STAFFIRÁSGIÐ

**Náms- og starfsráðgjafi** **GUÐMUNDUR** **ANDRÁS**

Guðmundur András er háskólafræðingur og starfsráðgjafi. Hann hefur unnið í háskólu og í atvinnuleysisráði. Hann hefur unnið með stórum fyrirkomulagum og hefur unnið með stórum fyrirkomulagum. Hann hefur unnið með stórum fyrirkomulagum.

Guðmundur András er háskólafræðingur og starfsráðgjafi. Hann hefur unnið í háskólu og í atvinnuleysisráði. Hann hefur unnið með stórum fyrirkomulagum og hefur unnið með stórum fyrirkomulagum.

**Náms- og starfsráðgjafi** **ANDRÁS** **GUÐMUNDUR**

András Guðmundur er háskólafræðingur og starfsráðgjafi. Hann hefur unnið í háskólu og í atvinnuleysisráði. Hann hefur unnið með stórum fyrirkomulagum og hefur unnið með stórum fyrirkomulagum.

**András Guðmundur** **Starfsráðgjafi**

**Starfsráðgjafi** **Guðmundur András**

**Guðmundur András** **Starfsráðgjafi**

**Starfsráðgjafi** **András Guðmundur**

**András Guðmundur** **Starfsráðgjafi**

**Starfsráðgjafi** **Guðmundur András**

## FYRIR STJÓRNENDUR

**Starfsráðgjafi** **Guðmundur András**

**Starfsráðgjafi** **András Guðmundur**

**Starfsráðgjafi** **Guðmundur András**

**Starfsráðgjafi** **András Guðmundur**

**Starfsráðgjafi** **Guðmundur András**

**Starfsráðgjafi** **András Guðmundur**

## TÖLUNÁMSKYR

**Tölunámskrá** **Guðmundur András**

**Tölunámskrá** **András Guðmundur**

**Tölunámskrá** **Guðmundur András**

**Tölunámskrá** **András Guðmundur**

**Tölunámskrá** **Guðmundur András**

## HÁSKÓLUNÁMSKYR

**Háskólanámskrá** **Guðmundur András**

**Háskólanámskrá** **András Guðmundur**

**Háskólanámskrá** **Guðmundur András**

**Háskólanámskrá** **András Guðmundur**

## TÖLUSTUÐIÐ HÖNNUN

**Tölustudið Hönnun** **Guðmundur András**

**Tölustudið Hönnun** **András Guðmundur**

**Tölustudið Hönnun** **Guðmundur András**

**Tölustudið Hönnun** **András Guðmundur**

**Tölustudið Hönnun** **Guðmundur András**

## ÞILGASNAÐI

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

**Þilgasnaði** **András Guðmundur**

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

**Þilgasnaði** **András Guðmundur**

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

## ÞILGASNAÐI

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

**Þilgasnaði** **András Guðmundur**

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

**Þilgasnaði** **András Guðmundur**

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

**Þilgasnaði** **András Guðmundur**

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

**Þilgasnaði** **András Guðmundur**

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

**Þilgasnaði** **András Guðmundur**

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

**Þilgasnaði** **András Guðmundur**

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

**Þilgasnaði** **András Guðmundur**

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

**Þilgasnaði** **András Guðmundur**

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

**Þilgasnaði** **András Guðmundur**

## ÞILGASNAÐI OG HANNAÞILGASNAÐI

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

**Þilgasnaði** **András Guðmundur**

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

**Þilgasnaði** **András Guðmundur**

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

**Þilgasnaði** **András Guðmundur**

**Þilgasnaði** **Guðmundur András**

**Þilgasnaði** **András Guðmundur**



